

Fundur var haldinn í fræðslunefnd Blönduóssbæjar vegna Blönduskóla, mánudaginn 21. júní 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskrift.
Auðunn Steinn Sigurðsson formaður setur fundinn.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál Blönduskóla.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Starfsmannamál Blönduskóla.

Auðunn Steinn Sigurðsson vísar af fundi.

Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri tilkynnir að bæjarstjórn Blönduóssbæjar hafi samþykkt að veita Sigríði Bjarney Aadnegard aðstoðarskólastjóra árs leyfi og leggur til að Magdalena Berglind Björnsdóttir verði ráðin í stöðu aðstoðarskólastjóra næsta skólaár.

Nefndin samþykkir tillögu Þórhöllu.

Auðunn Steinn Sigurðsson mætir aftur á fundinn.

Laus staða hjá Blönduskóla var auglýst í vor og barst ein umsókn frá Helgu Halldóru Ágústsdóttur. Þórhalla leggur til að Helga verði fastráðin frá og með næsta skólaári. Nefndin samþykkir tillögu Þórhöllu.

Þórdís Hauksdóttir fer í fæðingarorlof næsta haust og leggur Þórhalla til að Harpa Hermannsdóttir verði ráðin í afleysingu fyrir Þórdísi næsta skólaár.

Harpa Hermannsdóttir hefur sótt um árs leyfi í Leikskólanum Barnabæ og hefur leikskólastjóri, Jóhanna G. Jónasdóttir samþykkt það.

Nefndin leggur til að þetta verði samþykkt.

2. Önnur mál.

Skólamötuneyti.

Nefnd sem skipuð var vegna endurskoðunar á mötuneytismálum skólans hefur hafið störf og er byrjuð að skoða hvaða möguleikar eru í boði og hvernig best væri að haga þessum málum í framtíðinni.

Ráðgert er að halda fund um næstu mánaðamót og fara yfir þær tillögur sem þá liggja fyrir. Engin önnur mál.

Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:45

Auðunn Steinn Sigurðsson

Anna Kr. Davíðsdóttir

Heiðrún Bjarkadóttir

Þórhalla Guðbjartsdóttir

Valgerður Gísladóttir

Hafdís Vilhjálmsdóttir

Lilja Árnadóttir

Árný Þóra Árnadóttir